

Aðalfundur foreldrafélagsins 15. maí 2019

Fundur settur kl. 20.00 í sal skólans í Vallargerði.

Fyrst var haldinn opinn skólaráðsfundur: Björg Baldursdóttir skólastjóri gerði grein fyrir starfinu og rekstri skólans – sýndi uppgjör. Einnig fór hún í gegnum niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins.

Aðalfundur foreldrafélagsins:

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir setti fundinn, Helga Guðný Sigurðardótti skipuð fundarstjóri og Björg Hilmarsdóttir fundarritari.

Skýrsla formanns (sjá nánar í viðhengi):

Formaður kynnti stjórnina og stiklaði á stóru yfir stöðuna í vetur.

Gekk betur en oft áður að manna bekkjarfulltrúa. Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa var haldið í haust – mælt með því að það verði gert á hverju hausti.

Viðburðir gengu vel og jólaföndrið (foreldrar yngsta stigs) gekk sérlega vel.

Foreldraröltið gekk nokkuð vel. Nýtt framundan að Kópavogsbær vill fá upplýsingar um röltið og verða skýrslur sendar inn reglulega (rafrænt).

Vorhátíðin verður haldin 4. júní (í höndum foreldra miðstigs). Eins og í fyrra verður góðgerðardagur haldinn í samstarfi við skólann.

Fjármálin standa vel. Fengum tvo fyrirlestra í vetur. Foreldrafélagið ákvað einnig að gefa skólanum vínlskera.

Stjórnin hefur sent bréf til bæjaryfirvalda vegna umferðaröryggismála í hverfinu.

Skýrsla samþykkt.

Skýrsla gjaldkera (sjá nánar í viðhengi): ársreikningur settur fram. Farið yfir stöðuna og helstu útgjaldaliði.

Engar sérstakar athugasemdir. Ekki allir hafa nýtt sér bekkjarstyrki.

Ársreikningur borinn undir atkvæði og samþykktur.

Kosning stjórnar:

Úr stjórn ganga: Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, Björg Hilmarsdóttir og Fjóla Borg Svavarsdóttir. Signý Skúladóttir, Anna Rós Sigmundsdóttir, Helga Guðný Sigurðardóttir og Bergrún Arna Óladóttir gefa áfram kost á sér.

Vantar amk. þrjá nýja aðila í stjórn. Þessir buðu sig fram: Katrín Þrastardóttir og Jóna Björg Jónsdóttir.

Samþykkt einróma.

Kosning fulltrúa í skólaráð: Einn fulltrúi stjórnar (ákveðið síðar). Óskað var eftir að Sigríður Þrúður sæti áfram í skólaráði og var hún kosin (sem fulltrúi nærsamfélagsins).

Kosning endurskoðenda reikninga: Björg Pálsdóttir gefur áfram kost á sér. Samþykkt.

Önnur mál: engin

Formlegum fundi slitið kl. 20:40

Þá var á dagskrá fræðsluerindi í boði foreldrafélagsins. Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknunum og greiningu fjallaði um líðan unglinga.

Viðhengi 1: Skýrsla stjórnar

Foreldrafélag Kársnesskóla
Starfsár haust 2018-vor 2019

Skýrsla stjórnar 15. maí 2019

Stjórn foreldrafélags skólaárið 2018-2019:

Anna Rós Sigmundsdóttir
Björg Hilmarsdóttir (ritari)
Bergrún Óladóttir
Fjóla Borg Svavarsdóttir
Helga Guðný Sigurðardóttir
Signý Skúladóttir (gjaldkeri)
Sigríður Þrúður Stefánsdóttir (formaður)

Fulltrúar í Skólaráði:

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
Örn Guðmundsson

Fulltrúi í Samkóp:

Anna Rós Sigmundsdóttir

Umsjón með foreldrarölti:

Bergrún Óladóttir
Fjóla Borg Svavarsdóttir

Skoðunarmaður reikninga:

Björg Elín Pálsdóttir.

Yfirlit yfir starfsemi ársins:

Fundir haldnir u.þ.b. einu sinni í mánuði auk samskipta í gegnum facebook. Héldum námskeið fyrir bekkjarfulltrúa eins og áður. Í ár fengum við þó ekki til okkar fulltrúa frá Heimili og skóli heldur tókum saman gögn frá fyrri námskeiðum og kynntum fyrir bekkjarfulltrúum. Þröstur Jónasson, foreldri í skólanum, fyrrum stjórnarmaður í stjórn foreldrafélagsins og stjórnarmaður í Heimili og skóli tók að sér fræðsluna. Jólaföndur haldið og gekk vel. Og í ár gekk sérstaklega vel að manna undirbúningsnefnd fyrir jólaföndrið en það voru foreldrar á yngsta stigi sem sáu um það og er þeim þakkað fyrir. Þeim tilmælum er beint til þeim sem sjá um skipulag næsta árs að hafa jólaföndrið viku fyrr eða a.m.k. leitast við að það rekist ekki á Gerplumót sem haldið er á svipuðum tíma en svo hefur verið sl. ár.

Foreldraröltið hefur gengið vel. Ákveðið var í haust að fá foreldra yngri barna en á unglíngastigi til að röltu, allt niður í 5.bekk. Foreldraröltið er mikilvægur liður í forvörnum og við hvetjum alla til að taka þátt í því. Sú breyting varð einnig í ár að Kópavogsbær hefur óskað eftir að fá upplýsingar um foreldrarölt í öllum hverfum, hvernig það gengur og hvort einhver mál komi upp. Það er einnig góð samvinna meðal foreldrafélaga í Kópavogi og Samkóp um foreldraröltið og Kópavogsbær mun m.a. standa fyrir fræðslufyrirlestrum á næsta vetri þessu tengt. Við höfum einnig verið í góðu samstarfi við EKKÓ í vetur og þau m.a. geta nú sett viðburði og fræðsluupplýsingar inn á facebook síðu foreldrafélagsins.

Vorhátíð verður haldin 4. júní og hafður verður sami háttur á og í fyrra þar sem haldinn er Góðgerðardagur í samvinnu við stjórnendur og kennara skólans. Undirbúningur er kominn á ágætt skrið. Við biðjum foreldra að gefa kost á sér í sjoppuvakt, köku- eða vöflubakstur eða hvað annað sem undirbúningsnefnd gæti óskað eftir aðstoð í. Það eru foreldrar barna á miðstigi sem sjá að mestu um undirbúning.

Hvað snertir fjármál þá sóttu margir bekkir um bekkjarstyrki, við hækkuðum rútustyrki upp í kr. 2000. Foreldrafélagið hefur þar að auki ákveðið að styrkja skólann til kaupa á Vínilskera sem nota á þvert á bekki í ýmsum kennslufögum. Það gekk vel að manna bekkjarfulltrúa og nú er einnig kominn facebook hópur fyrir bekkjarfulltrúa til að auðvelda samskipti. Við styrktum einnig kaup á hrekkjavökudóti því vinsælt var að halda hrekkjavökupartý og foreldrar eiga því að geta gengið að einhverju skrauti því tengt á næsta ári.

Í vetur var nokkur umræða um hættuleg gatnamót hér í hverfinu í nálægð við skólann m.a. á Urðarbraut eða á þeirri leið sem börnin þurfa að fara úr skólanum í sundlaug og við Kársnesbraut. Stjórnin hefur sent bréf til Kópavogsbæjar með tilmælum um að bregðast við þessu, setja upp hraðahindranir, gönguljós eða þrengingar á þeim stöðum sem um ræðir.

Ýmis erindi komu inn á okkar borð. Það var umræða um eineltismál, stjórn foreldrafélags kom að máli við skólastjórnendur og mál fóru í góðan farveg. Við ræddum um forvarnir og ýmsar hugmyndir voru uppi um að fá fyrirlesara fyrir foreldra t.d. um einelti. Ofan á varð að við héldum mjög góðan fund fyrir foreldra með Eyjólfri Erni Jónssyni sálfræðingi en hann hefur m.a. sérhæft sig í meðhöndlun tölvufíknar. Og nú í kvöld erum við með flottan fyrirlesara frá Rannsóknunum & greiningu. Þar sem félagið á nú nokkurn sjóð er ekki úr vegi að beina því til nýrrar stjórnar að halda áfram að fá inn fræðslu fyrir foreldra af þessum toga. Við ræddum einnig um öryggismál m.a. hitastig á heitu vatni og klemmuvarnir á hurðum sem m.a. fór fyrir Skólaráð. Við héldum aukafundi með skólastjóra m.a. um möguleg kaup á Vínilskera, fyrirlestra um forvarnir og undirbúning fyrir Góðgerðadaginn þann 4. júní.

Að lokum þá þakka ég fráfarandi stjórn fyrir gott samstarf. Við erum þrjár sem víkjum úr stjórn núna, Fjóla, Björg og undirrituð. Við óskum því eftir nýju fólki í stjórn og lofa bráðskemmtilegu samstarfi með sem eftir sitja. Stjórnin í ár var einungis skipuð mæðrum og við hvetjum að sjálfsögðu feður barna í Kársnesskóla að gefa kost á sér.

15. maí 2019

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir

Viðhengi 1: Ársreikningur 2018-2019

Ársreikningur	23.05.2018 - 11.05.2019
---------------	----------------------------

Tekjur

Innvextir	308
Félagsgjöld á tímabilinu 2018 - 2019	768.000
Félagsgjöld á tímabilinu 2017 - 2018 _síðbúnar greiðslur.....	264.250
Jólafröndur 2018 / innkoma	259.800
Tekjur alls	1.292.358

Gjöld

Fjármagnstekjuskattur	-67
Innheimtþjónusta / Bankakostnaður tímabilsins.....	-158.428
Halloween skreytingarstyrkur	-14.508
Jólafröndur 2017 / kostnaður	-292.234
Styrkur 10.bekkur útskriftarferð - Rúta	-96.000
Eyjólfur Jónsson fyrirlestur um netnotkun barna og unglinga.....	-50.000
Vorhátíð 2018 styrkur_hoppukastalar.....	-91.200
Vorhátíð 2018 styrkur_söfnun.....	-60.000
Bekkjastyrkir v/ fyrra skólaárs (2017-2018)	-20.000
Bekkjastyrkir	-130.000
Gjöld alls	-912.437

Afkoma ársins **379.921**

Efnahagsreikningur

Inneignarnóta_Miklatorg (Ikea)	36.064,00
Kaupþing 6891	806.999,00
Eignir alls	843.063,00
Eigið fé 23.05.2018	463.142,00
Hagnaður tímabilsins	379.921,00
Skuldir og eigið fé alls 11.05.2018	843.063,00